

Efnisyfirlit

LANDSSAMTÖKIN GEDHJÁLP 2017.....	2
Ráðgjöf.....	3
Hagsmunagæsla	3
Þekkingaruppbygging	5
Innra starf	6
FJÁRHAGUR	7
FRAMTÍÐIN	7

LANDSSAMTÖKIN GEÐHJÁLP 2017

Landssamtökin Geðhjálpar eru frjáls félagasamtök fólks með geðrænan vanda, aðstandenda þeirra, fagfólks og áhugafólks um bætta hag fólks með geðraskanir og geðfötlun. Markmið samtakanna er að stuðla að umbótum í geðheilbrigðisþjónustu og vinna að bættum hag fólks með geðrænan vanda, barna og fullorðinna, og aðstandenda þeirra.

Stofnfundur Geðhjálpar var haldinn þann 9. október árið 1979. Samtökin eiga því 39 ára starfsafmæli á árinu. Um starfsemina fer samkvæmt lögum Geðhjálpar, t.a.m. um árlegan aðalfund, hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra. Félagar í Geðhjálpar eru 2.882 talsins, 595 hefðbundir félagar og 2.287 styrktarfélagar með full félagaréttindi.

Aðalfundur Geðhjálpar var haldinn samkvæmt hefðbundinni aðalfundardagskrá þann 18. mars 2016. Eftirfarandi átta fulltrúar auk formanns skipuðu aðalstjórn félagsins eftir fundinn. Þrír fulltrúar voru kosnir í varastjórn til eins árs.

Stjórn Geðhjálpar

Hrannar Jónsson, formaður

Sveinn Rúnar Hauksson, varaformaður

Pórður Ingbórsson, gjaldkeri

Bergþór Böðvarsson

Helga María Alfreðsdóttir

Kári Auðar Svansson

Halldóra Pálsdóttir

Steindór J. Erlingsson

Sylviane Lecoultre

Varastjórn

Einar Björnsson

Garðar Sölvi Helgason

Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir

Védís Drafnardóttir

Geðhjálp rak öfluga starfsemi á fjórum megin sviðum á árinu. Sviðin eru **ráðgjöf, hagsmunagæsla, þekkingaruppbygging** og síðast en ekki síst **innra starf**. Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir starfseminni innan hvers megin sviðs.

Ráðgjöf

Ráðgjafi Geðhjálpar sinnti 729 erindum á árinu. Þar af voru 79 erindi leyst í gegnum símtöl. Fjöldi erinda sveiflaðist nokkuð milli mánaða. Flest voru erindin á vormánuðum. Erindum fækkaði vegna sumarleyfa yfir hásumarið og fjölgaði aftur með haustinu. Aftur fækkaði erindum vegna jóralokunar í desember.

Að baki erindanna voru 337 notendur. Konur voru heldur fleiri en árið áður. Þær voru 222 (66% miðað við 62% árið á undan), karlar voru 114 (32% miðað við 38% árið á undan) og nokkrir voru ótilgreindir (2%) á árinu 2017. Yngsti ráðþeginn var 5 ára og sá elsti 78 ára. Meðalaldur í hópnum voru 43 ár. Hver skjólstæðingur kom að meðaltali í 2,4 viðtöl. Af hópnum voru 62% búsettir í Reykjavík og 19% til viðbótar í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 13% búsettir utan höfuðborgarsvæðisins.

Af heildarfjölda skjólstæðinga voru 178 (53%) notendur og 159 (47%) aðstandendur. Algengustu erindi voru kvíði, þunglyndi og önnur geðræn veikindi. Notendur leituðu til dæmis ráðgjafar um réttindamál, veikindi og samskipti við fjölskyldu og vini. Aðstandendur voru oftast foreldrar að leita aðstoðar vegna geðrænna veikinda barna sinna en einnig bar mikið á neyslutengdum vanda. Tekin voru 45 fjölskylduviðtöl á tímabilinu.

Ráðgjöf á vegum Geðhjálpar er frí og stendur öllum almenningi til boða á almennum skrifstofutíma. Viðtöl eru tekin í húsakynnum Geðhjálpar við Borgartún 30.

Hagsmunagæsla

Hátt í 20% erinda til ráðgjafa sneru að hagsmunagæslu á árinu 2017. Afgreiðsla erindanna fólst í því að veita einstaklingum aðstoð við að leita réttar síns gagnvart opinberum aðilum, einka- og félagageiranum. Hagsmunagæsla gagnvart einstaklingum felur í sér persónulega nálgun og því eru erindin talsvert ólík í eðli sínu og oftast tímafreakari í vinnslu heldur en almenn ráðgjöf.

Almenn hagsmunagæsla fólst, m.a. í þátttöku í stefnumótun á vegum hins opinbera, umsögnum um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur, skýrslugjöf og þátttöku í opinberri umræðu. Þátttaka í stefnumótun fólst m.a. í þátttöku fulltrúa Geðhjálpar í velferðarvaktinni, fagraði landlæknisembættisins, starfshópi um gagnreyndar aðferðir í sjálfsvígsforvörnum, aðalstjórn Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ) og Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) ásamt framlagi í þremur faghópum innan ÖBÍ.

Geðhjálp senda frá sér umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks og fjárlagafrumvarp yfirstandandi árs í lok ársins 2017. Með sama hætti sendu samtökin frá sér umsagnir um frumvörp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði

og jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna með Samtökunum 78, Trans Ísland, Intersex Ísland, HIV-Ísland, Tabú og ÖBÍ þann 12. maí.

Samtökin óskuðu liðsinnis tveggja heilbrigðisráðherra um stofnun starfshóps til að kanna kosti þess að færa svokallaða *Fyrirframgerða ákvarðanatöku* inn í íslenska löggjöf. Báðir ráðherrarnir voru jákvæðir gagnvart erindinu og verður hópurinn settur á stofn innan tíðar. Stjórn Geðhjálpar skoraði á dómsmálaráðherra að gangast fyrir heildarendurskoðun gildandi lögræðislaga með hliðsjón af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í byrjun sumars. Með sama hætti skoruðu samtökin ásamt fimm öðrum samtökum á stjórnvöld að fullgilda viðauka Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þann 5. júlí.

Með liðsinni Reykjavíkurborgar, Laugarneskirkju og Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins, var haldinn opinn íbúafundur með íbúum í leiguhúsnæði á vegum Brynju í byrjun sumars. Geðhjálp gekkst einnig fyrir opnum fundi með fulltrúum stjórnmalaflokkanna um geðheilbrigðisþjónustu í aðdraganda Alþingiskosninganna þann 24. október. Síðast en ekki síst skrifaði Geðhjálp greinargerð um þjónustu ráðgjafa nauðungarvistaðra einstaklinga á LSH að beiðni innanríkisráðuneytisins í sumarbyrjun.

Í framhaldi af vikulöngu námskeiði í hugmyndafræði bataskóla (Recovery College) í Nottingham leitaði Geðhjálp eftir samstarfi Reykjavíkurborgar um stofnun Bataskóla Íslands (BÍ). Sveitarfélagið samþykkti að veita 15 milljón króna árlegt fjárframlag til þróunar skólans ásamt fríu húsnæði til næstu þriggja ára. Aðrir samstarfsaðilar Geðhjálpar við þróun skólans eru samráðsvettvangur félaga og geðúrræða á höfuðborgarsvæðinu, Landspítalinn, Háskóli Íslands (HÍ) og Háskólinn í Reykjavík (HR).

Meginmarkmið bataskólans er að nýta reynslu notenda og þekkingu hefðbundinna sérfræðinga til að auka innsæi, bæta lífsgæði og efla samfélagsþátttöku fólks með geðrænan vanda. Skólinn er einnig opinn aðstandendum og fagfólki á sviði geðheilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Tveir hópar hátt í 30 nemenda stunda þegar nám í skólanum og gengur starfsemin framar vonum. Skólinn er hýstur í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur við Suðurlandsbraut 32. Frekari upplýsingar um starfsemi Bataskóla Íslands er hægt að nálgast á www.bataskoli.is og Bataskóli Íslands á facebook.



Esther Ágústsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson eru verkefnisstjórar BÍ.

Ekki má gleyma því að fulltrúar Geðhjálpar tóku þátt í opinberri umræðu um ýmis málefni á geðheilbrigðisviðinu á árinu, m.a. þvingun í geðheilbrigðisþjónustu, sjálfsvígsforvarnir, aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir almenning með áherslu á börn, geðheilsu ungmenna með sérstakri áherslu á sjálfsskaða og ofneyslu lyfja svo dæmi séu nefnd. Geðhjálp sendi kvörtun til Fjármálaeftirlitsins vegna flokkunar fjögurra stærstu tryggingarfélaganna á geðrænum veikindum með aðgerðum á borð við beitingu ofbeldis og inntöku vímuefna í tryggingarskilmálum. Í kjölfar kvörtunarinnar hafa öll tryggingafélögin breytt skilmálum sínum til betri vegar.

Geðhjálp hyggst beita sér af enn meiri krafti í hagsmunabaráttu fyrir hönd fólks með geðrænan vanda á næsta ári. Einn liður í því felst í því að hvetja fulltrúa í stjórn Geðhjálpar til endurmenntunar á þessu sviði. Tveir fulltrúar í stjórninni sóttu vikulangt námskeið um réttindi

fólks með geðrænan vanda við háskólann í Galway í júní. Nokkrir fulltrúar til viðbótar í stjórninni hafa sótt styttri námskeið.

Þekkingaruppbygging

Ríkur þáttur í starfsemi Geðhjálpar felst í þekkingaruppbyggingu, þ.e. miðlun þekkingar til notenda, aðstandenda, fagfólks og alls almennings. Á því sviði bar hæst alþjóðlega ráðstefnu Geðhjálpar undir yfirskriftinni *Börnin okkar!* um geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni upp að 24 ára aldri á Grand Hótel þann 17. október. Alls fluttu fjórir erlendir og átján innlendir fyrirlesarar erindi á ráðstefnunni. Aðsókn fór langt fram úr væntingum með þeim afleiðingum að loka þurfti fyrir skráningar þegar ríflega 400 gestir höfðu skráð sig á ráðstefnuna. Í framhaldi af ráðstefnunni afhentu fulltrúar Geðhjálpar bæði heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra forgangslista yfir 10 forgangsverkefni í geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni.



Ríflega 400 manns af landinu öllu sóttu ráðstefnuna Börnin okkar í október.

Geðhjálp gekkst fyrir þremur fræðslukvöldum um kvíða til að mæta brýnni þörf fyrir stuðning á því sviði í febrúarmánuði. Í samvinnu við lögfræðideild Háskólans í Reykjavík var haldinn opinn fundur um mannréttindi fólks með geðrænan vanda undir yfirskriftinni *Mannamunur í mannréttindum* í háskólanum í byrjun maí. Með sama hætti flutti Sveinn Rúnar Hauksson, varaformaður Geðhjálpar, erindi um þvingun í geðheilbrigðisþjónustu á ensku á Evrópuþingi félagsráðgjafa í Hörpu þann 29. maí.

Í samstarfi við samráðsvettvang um Alþjóðlegan sjálfsvígsforvarnardag stóð Geðhjálp fyrir fyrirlestri Lars Mehlum, norsks sérfræðings í sjálfsvígsforvörnum, fyrir fagfólk í sal Decode við Sturlugötu þann 11. september. Haldið var opið málþing í samstarfi við Virk um geðheilbrigði á vinnustöðum undir yfirskriftinni *Hvernig líður þér í vinnunni?* á Grand Hótel í tengslum við þema Alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn þann 10. október. Þurfti að loka fyrir skráningar vegna mikillar aðsóknar að fundinum.

Geðhjálp gekkst fyrir nokkrum kvikmyndasýningum á árinu. Heimildarkvikmyndin *Cause of death unknown* var sýnd þrisvar sinnum í kvikmyndahúsum í Reykjavík og á Akureyri í maí. Í kvikmyndinni er fjallað á gagnrýninn hátt um afleiðingar sterkra geðlyfja á fólk með geðrænan vanda. Í kjölfar fyrstu sýningar myndarinnar var efnt til opinnar sýningar á heimildarkvikmyndunum *Crazywise* og *Emerging Proud* í húsakynnum Geðhjálpar.

Efnt var til boðssýningar á kvikmyndinni *Stelpan, mamman & djöflarnir* í Bíó Paradís í aprílmánuði. Kvikmyndin var tekin upp í skólasýningum á vegum Reykjavíkurborgar í samstarfi við Geðhjálp á haustmisseri. Í kvikmyndinni er fjallað um aðstæður barna, foreldra með geðrænan vanda með áhrifaríkum hætti. Eftir sýningarnar var boðið upp á umræður með þátttöku Hönnu Styrismisdóttur. Hanna hefur reynslu af því að alast upp hjá móður með geðræn veikindi. Þá var leikhópnum SmartíLab veittur styrkur til að setja upp



Kvikmyndin *Stelpan, mamman og djöflarnir* lýsir lífi dóttur, veikrar móður.

forvarnarsýningu um kvíða undir heitinu *Fyrirlestur um eitthvað fallegt*. Leiksýningin var sýnd í Tjarnarbíói og hlaut afar góðar viðtökur áhorfenda.

Geðhjálp og Hjálparsími Rauða krossins buðu framhaldsskólakennurum og starfsmönnum velferðarþjónustu úti á landsbyggðinni upp á forvarnarfræðslu um sjálfsskaða og sjálfsvíg í upphafi ársins. Fræðslan var haldin í samvinnu við geðfræðslufélag hjúkrunarfræði-, sálfræði- og læknanema, *Hugrónu*, við HÍ. Því til viðbótar tóku starfsmenn Geðhjálpar á mótí fjölmörgum hópum frá skólum og öðrum stofnunum og veittu almennar upplýsingar í húsakynnum sínum og eftir rafrænum leiðum. Þess má geta að ráðgjafi Geðhjálpar hélt fjóra fyrirlestra um geðrænan vanda og geðheilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar á árinu. Ekki má heldur gleyma því að Geðhjálp tók þátt í *Erasmus*-verkefni um námsefni fyrir nemendur í hjúkrunarfræði.

Innra starf

Geðhjálp leggur ríka áherslu á að halda góðum tengslum við félagi í samtökunum og almenning. Gestir eru ætíð velkomnir, boðið er upp á kaffi og spjall. Ráðgjafi veitir ekki aðeins ráðgjöf í gegnum viðtöl í húsakynnum samtakanna heldur einnig í gegnum síma, tölvupóst, facebooksíðu og skype- samtöl. Framkvæmdastjóri sendir reglulega samskiptapóst til allra félagi með rafrænum hætti. Þar er gerð grein fyrir starfsemi samtakanna, hvað áunnist hefur í helstu baráttumálum og viðburðum framundan.

Geðhjálparblaðið er gefið út á hverju ári í tengslum við afmæli samtakanna og Alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. október. Blaðinu hefur verið dreift með Fréttablaðinu síðustu ár. Aðalfundur Geðhjálpar er jafnan haldinn uppúr miðjum marsmánuði ár hver.

Eftirtaldir viðburðir fyrir félagi og gesti þeirra voru haldnir í húsakynnum Geðhjálpar á árinu:

- *Opinn fundur með fulltrúum flokkanna 17. október.*
- *Kyrrðarstund í Dómkirkjunni 10. september.*
- *Fjöltefli í samstarfi við Vinaskákkfélagið 21. ágúst.*
- *Esjuganga 18. maí*
- *Ræðunámskeið í maí.*
- *Geðhjálparblaðið 9. mars.*
- *Happ og hamingja í Geðhjálp 28. mars.*
- *Aðalfundur 18. mars.*
- *Bingó með Ingó í Geðhjálp 17. janúar.*
- *Stofnfundur aðstandendahóps 24. janúar.*



Bekkurinn var þétsetinn þegar Stefán Hilmarrson söng á árlegu batakvöldi.

Síðast en ekki síst hýsti Geðhjálpar starfsemi tveggja, sjálfstæðra sjálfshjálparhópa utan skrifstofutíma í húsakynnum sínum við Borgartún 30 á árinu, þ.e. geðhvarfahóps og kvíðahóps.

FJÁRHAGUR

Rekstrartekjur Geðhjálpar voru 77.664.632 kr. á árinu. Af þeim námu styrkir frá ríki og Reykjavíkurborg samtals 21.500 kr. Aðrar tekjur voru 56.164.632 kr. eða 3.650.301 kr. hærra upphæð en árið á undan. Þar bar hæst 34.406.364 kr. framlag styrktarfélaganna í gegnum styrktarsöfnun Miðlunar og 6.220.608 kr. styrk frá ÖBÍ. Afkoma af reglulegri starfsemi Geðhjálpar var samtals 4.239.708 á árinu 2017.

FRAMTÍÐIN

Starfsemi Geðhjálpar hefur ekki aðeins vaxið fiskur um hryggur heldur hefur félögum í samtökunum fjölgað verulega á allra síðustu árum. Félögum fjölgaði úr 440 í 1.337 í framhaldi af því að samið var við Miðlun um að ýta úr vör styrktarfélagasöfnun árið 2014. Þeir voru orðnir 1.700 árið 2015, 2.163 árið 2016 og 2.882 í lok ársins 2017. Af þeim voru 595 hefðbundnir árlegir félagar og 2.287 styrktarfélagar með full félagaréttindi.



Óhætt er að segja að starfsemi Geðhjálpar hafi skilað áþreifanlegum árangri á fleiri en einu sviði á árinu. Hæst ber stofnun Bataskóla Íslands í samvinnu við Reykjavíkurborg, Samráðsvettvang geðúrræðanna á höfuðborgarsvæðinu, stóru háskólana báða í Reykjavík og almenna notendur í byrjun ársins.

Meginmarkmið starfseminnar er að nýta reynslu notenda og hefðbundinna sérfræðinga til að stuðla að auknu jafnvægi, innihaldsríkara lífi og aukinni samfélagsþátttöku fólks með geðræna erfiðleika. Spennandi verður að fylgjast með þróun skólans á komandi misserum.

Fjölmargar áskoranir blasa við. Sú stærsta felst í því að tryggja endurskoðun gildandi lögræðislaga til samræmis við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Með sama hætti er mikilvert að samtökunum takist með liðsinni frá Öryrkjabandalaginu að koma í veg fyrir að drög að viðauka við svokallaðan Oviedo samning um mannlega reisn og mannréttindi verði að veruleika. Viðaukinn festir í sessi nauðung og þvingun gagnvart fólki með geðraskanir. Eins og Geðhjálpar hefur ítrekað bent á er slíkt aldrei réttlætjanlegt. Geðhjálpar mun halda áfram að taka þátt í opinberri stefnumótun, þrýsta á eftirfylgni verkefna innan

geðheilbrigðisstefnunnar, bættu þjónustu á geðsviði Landspítalans og frekari þróun samfélagslegra úrræða svo nokkur dæmi séu nefnd.

Geðhjálp hefur sannarlega vaxið ásmegin á allra síðustu árum. Samtökin verða sífellt sýnilegri, njóta vaxandi trausts og virðingar meðal almennings. Þessi jákvæða þróun hefur óhjákvæmilega í för með sér vaxandi áhrif samtakanna í mótun geðheilbrigðisþjónustu og réttinda fólks með geðraskanir og aðstandenda þess í samfélaginu. Stjórn og starfsmenn Geðhjálp hlakka til að nýta þennan jarðveg til að takst á við áskoranirnar framundan. Með viljann að vopni ættu samtökunum að vera allir vegir færir á þessu sviði í framtíðinni!

Fyrir hönd Geðhjálp,
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri.

